

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um brot gegn áfengislögum.

Frá Eyjólfí Ármannssyni.

1. Hefur ráðherra, í ljósi þess að hann hefur eftirlit með framkvæmd ákærvalds skv. 19. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, brugðist við því formlega eða óformlega að áfengi sé selt í smásölu innan lands í vefverslunum einkaaðila þrátt fyrir einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011, sbr. 1. mgr. 10. gr. áfengislaga, nr. 75/1998? Ef svo er, þá hvernig? Ef ekki, hvers vegna ekki?
2. Hefur ráðherra eða aðrir á vegum ráðuneytisins, í ljósi fyrrnefnds eftirlitsvalds skv. 19. gr. sakamálalaga, látið í ljós við lögreglu eða handhafa ákærvalds þá skoðun að vefverslun með áfengi sé lögmæt og þar með ekki brot á áfengislögum?
3. Hafa stjórnvöldum borist kærur vegna meintra brota á áfengislögum, sem felast í netsölu áfengis, og ef svo er, er sakamálarannsókn í gangi vegna þeirra? Ef kærur hafa borist, á hvaða stigi er sakamálarannsóknin?
4. Er ráðherra sammála þeirri túlkun sem fram kemur í bréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 4. desember 2015, sem vísað var til í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2503/2016, að öðrum en ÁTVR sé ekki heimilt að selja eða afhenda neytendum áfengi?

Skriflegt svar óskast.